

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Hringrás hf.
kt. 510613-1390

Starfsstöð: Hjallaleira 12, 730 Reyðarfjörður
Fastanúmer: 231-6186

Leyfið gildir frá 2. júní 2020 til 2. júní 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir rekstur á móttöku á úrgangi til endurvinnslu, móttöku á bifreiðum sem áformað er að farga, almennu bifreiða og vélaverkstæði, olíumannvirki til eigin nota og flutningi á spilliefnum sbr. liði 8.5., 8.6., 7.4. og 8.3. í viðauka X í rgl. 550/2018 m.s.br.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., skv. lögum nr. 55/2003 um meðferð úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Hringrás hf., kt. 510613-1390
Starfsstöð: Hjallaleira 12, 730 Reyðarfjörður
Fastanúmer: 231-6186 (landeignanúmer: 216734)

Leyfið gildir frá 2. júní 2020 til 2. júní 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir rekstur á móttöku á úrgangi til endurvinnslu, móttöku á bifreiðum sem áformað er að farga, almennu bifreiða og vélaverkstæði, olíumannvirki til eigin nota og flutningi á spilliefnum sbr. liði 8.5., 8.6., 7.4. og 8.3. í viðauka X í gl. 550/2018 m.s.br.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 20. janúar 2020.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafis og stranda m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Efnalög nr. 61/2013 m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja*
- *Reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg*

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulagi.

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Starfsleyfi þetta gildir fyrir söfnun, móttöku, flokkun, forvinnslu og geymslu brotamálma, málma bílhræja og raftækja, allt að 4000 tonnum á ári. Einnig er heimilt að taka við dekkjum en magnið skal aldrei fara yfir 300 m³ hverju sinni í eldhólum á athafnasvæðinu starfstöðvar. 3 efni sem getur innihaldið allt að 10% brennanlegt efni skal ekki fara yfir 2500 tonn í afmörkuðu eldhólfi. 1 – 2 efni er ekki brennanlegt og skal flokkað frá á afmörkuðu svæði. Geri brunaeftirlitið ítarlegri kröfur til hámarks brennanlegra efna en kemur fram í starfsleyfi þessu gilda kröfur brunaeftirlitsins.

Heimilt er að taka á móti úrgangsefnum sem eru eðlilegir fylgihlutir þessara úrgangsefna, s.s spilliefni. Vinnsla spilliefna er einungis heimil með starfsleyfi Umhverfisstofnunnar.

Starfsleyfið nær einnig til reksturs almenns bifreiða- og vélaverkstæðis, flutnings brotamálma til og frá starfstöðinni í útflutning, flutning spilliefna frá starfstöðinni til móttökustöðvar og olíumannvirkja til eigin nota.

1.1. Umfang starfseminnar

Athafnasvæði rekstraraðila er alls um 5.000 m². Á lóðinni er 260 m² skemma auk starfsmannaaðstaða. Allt svæðið er girt af með mannheldri girðingu og með bundnu slitlagi, þ.e. steypt og malbikað.

Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

a) Söfnunar- og móttökustöð

Móttökustöð starfstöðvar er lokað svæði þar sem tekið er við öllum gerðum af brotamálmum, þeir flokkaðir og forunnir og komið til endurvinnslu. Fráveituvatni frá svæðinu er leitt í tvær sand- og olíuskiljur. Neyslugeymir er til staðar fyrir vinnuvélar starfstöðvar.

b) Bílflök til förgunar

Tekið er við úrsérgengin ökutæki. Allir vökvar eru hreinsaðir af bílhræjum innandyra í skemmu rekstraraðila. Sérstakur búnaður er notaður og fara allir vökvar í lokaða tanka. Fráveita er leidd í safnþró.

c) Flutningur

Brotamálmur, málmar, bílhræ og raftæki eru flutt til móttökustöðvar. Gert er ráð fyrir einni útskipun á ári. Spilliefni sem falla til vegna starfseminnar er komið til eyðingar hjá aðilum sem hafa gild starfsleyfi til móttöku spilliefna.

Um starfsemina gildir m.a.

- *fylgiskjal I – Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *fylgiskjal II – Starfsleyfisskilyrði fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur*
- *fylgiskjal III – Starfsleyfisskilyrði fyrir móttökustöð fyrir ökutæki sem áformað er að farga*
- *fylgiskjal IV – Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum*
- *fylgiskjal V – Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á spilliefnum*

2. Almenn ákvæði og gildissvið

2.1. Ábyrgð starfsleyfishafa

Starfsleyfishafi er ábyrgur fyrir starfseminni og því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni sem og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sinnar og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Starfsemi rekstraraðila skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem þekkingu hefur á öllum búnaði starfstöðvarinnar og þeim starfsháttum sem starfsleyfið þetta kveður á um. Skal starfsmaðurinn jafnframt kunna skil á öðrum ákvæðum starfsleyfis og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.

2.2. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfi eftir því sem við á. Ef fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, sbr. 1. mgr. er umtalsverð skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfið.

2.3. Stöðvun rekstrar

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um tímabundna rekstrarstöðvun eða varanlega rekstrarstöðvun og ráðstafanir þar að lútandi. Vinna skal eftir neyðaráætlun um stöðvun rekstrar í samræmi við gr. 3.5. Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

2.4. Endurskoðun starfsleyfis

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Leiði endurskoðun eða breyting á starfsleyfi til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

2.5. Valdsvið og þvingunarúrræði

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3. Umhverfið, umhverfismarkmið og áætlanir

3.1. Umhverfismarkmið

Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Orku skal nýta vel.

3.2. Umhverfisstjórnunarkerfi

Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

3.3. Viðbragðsáætlun

Starfsleyfishafi skal útbúa viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunin skal að lágmarki fela í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlitsins. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi eða aðstæðum á starfsstöð, og yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg starfsmönnum og eftirlitsaðila.

3.4. Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.

Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

3.5. Neyðaráætlun vegna stöðvun rekstrar

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá tækjum, búnaði, húsnæði, rekstrarsvæði, efnum og úrgangi þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Í áætlun skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif.

3.6. Lóð og umhverfi

Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu og lóðarmörk virt. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágretta. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóð fyrirtækisins.

Allt athafnasvæðið skal lagt vökvaheldu yfirborði og afgirt og byrgja innsýn á svæðið. Þar sem við á skal fráveita tengd viðeigandi mengunarvarnabúnaði.

Aðgangur skal takmarkaður við opnunartíma svæðisins og hlið læst utan opnunartíma. Við inngang á svæðið skal vera upplýsingaskilti þar sem fram kemur með skýrum hætti opnunartími svæðisins og hvaða tegundum úrgangs tekið er við.

4. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kannað stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

4.1. Fráveitur

Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður.

Olíuskiljur skulu gerðar í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar um olíuskiljur og gildandi staðla um olíuskiljur, sbr. viðauka II í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, og hreinsa olíu niður fyrir 15 ppm í frárennslinu að lágmarki. Frárennslisli sem í olíuskilju fer skal renna um sandskilju.

Hafa skal reglubundið eftirlit með mengunarvörnum og hreinsa með reglubundnum hætti, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi.

Starfsleyfishafi skal tryggja að mælingar á frárennslisli sbr. kafla 6 í starfsleyfi þessu séu framkvæmdar.

4.2. Úrgangur

Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br., reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang m.s.br., reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma m.s.br. og reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja, eftir því sem við á.

4.3. Olíugeymar

Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lífdísel og öðrum lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er

meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar olíu eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir. Staðsetning olíugeyma og olíulagna þarf samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits. Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.

4.4. Hávaði

Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4.5. Loftmengun

Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og viðhalda þannig þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti. Þess skal gætt að ryk og lyktarmiklar eða hættulegar lofttegundir valdi ekki óþægindum eða hættu í nærliggjandi umhverfi.

5. Meðhöndlun og geymsla úrgangs, þ.m.t. spilliefni

5.1. Magni úrgangs skal haldið í lágmarki og skal magnið aldrei verða svo mikið að hætta skapist.

5.2. Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnotkunar.

5.3. Starfsleyfishafi skal halda magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði fyrirtækisins í lágmarki og gæta þess að aldrei skapist hætta vegna óhóflegrar uppsöfnunar úrgangs. Söfnunarhæð óbrennanlegs úrgangs, unninna eða óunninna skal aldrei vera meira en hæð girðingar. Mesta söfnunarhæð í haugum með brennanlegum úrgangi skal ekki vera hærri en samþykktir eldvarnaveggir. Merkingar sem sýna hámarkshæð og dýpt haugs skulu vera til staðar.

5.4. Úrgang sem tekið er á móti skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Áhersla skal lögð á jafna vinnslu alls efnis.

5.5. Úrgangur sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal meðhöndla af varúð og þess vandlega gætt að hann hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings. Spilliefni skulu geymd í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni. Geymsla spilliefna skal vera undir þaki eða skyggni með ógegndræpu yfirborði þar sem fráveita er tengd viðeigandi mengunarvarnabúnað.

5.6. Um meðferð á F-gösum fer samkvæmt reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir m.s.br.

5.7. Meðhöndlun málmkennds úrgangs sem inniheldur eða kann að innihalda spilliefni, skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal

fara fram á afmörkuðu svæði, innandyra eða undir skyggni, með vökvaheldu yfirborði tengdu viðeigandi mengunarvarnarbúnaði.

- 5.8.** Geymsla á bílum og bílhræjum sem tekið er á móti vegna áformaðrar förgunar, hvort sem er á lóð rekstraraðila eða annars staðar, skal vera á svæði þar sem frárennsli fer um olúskilju.
- 5.9.** Við móttöku á bifreiðum sem áformað er að farga skal tæming olíu og vökva fara fram með þar til gerðum tæmingarbúnaði sem tengdur er tönkum sem taka við úrgangsefnum. Rafgeymar, síur og þéttar skulu fjarlægðir. Íhlutir sem hugsanlega eru sprengifimir, s.s. öryggispúðar, skulu fjarlægðir og gerðir óvirkir, allir íhlutir sem innihalda kvikasilfur skulu fjarlægðir eftir því sem unnt er og allir íhlutir sem innihalda blý, kadmíum eða sexgilt króm og eru merktir sem slíkir skulu fjarlægðir áður en frekari úrvinnsla fer fram.
- 5.10.** Hentug ílát skulu vera til staðar til geymslu á rafgeymum, óháð því hvort raflausnin er gerð hlutlaus á staðnum eða ekki, síum og þéttum sem innihalda PCB/PCT-efni. Hentugir geymar skulu vera til staðar, til aðgreindrar geymslu á vökvum frá úr sér gengnum ökutækjum; eldsneyti, smurolíu, gír- og drifolíu, vökvakerfisolíu, kælivökva, ísvara, hemlavökva, vökva úr loftkælingum, rafgeymasýru og öllum öðrum vökvum sem fyrirfinnast í ökutækjum.
- 5.11.** Geyma skal raf- og rafeindatækjaúrgang sem og rafhlöður og rafgeyma sem skilað er til móttökustöðvarinnar í þar til gerðum ílátum á svæði með ógegndræpu yfirborði þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar, undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, þéttu, vatnsheldu loki eða í viðeigandi lokanlegum og loftræstum gámum.
- 5.12.** Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt í til þess ætluðum ílátum eða geymum, í lekabyttum eða á vökvaheldu plani með niðurföllum tengdum við olúskilju. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.
- 5.13.** Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á hættulegum eiginleikum þeirra efna sem það getur komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar í starfstöðinni. Gæta skal að ákvæðum laga nr. 46/1988 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn.

6. Prófanir og sýnatökur

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

6.1. Mælingar í frárennsli

Rekstraraðili skal láta taka sýni af fráveituvatni frá olúskiljum á þriggja ára fresti. Rannsaka skal magn olíu/fitu í fráveituvatninu. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm af olíu í fráveituvatni.

Mælingar á efnastyrk í frárennsli og tíðni mælinga skal ákveðið í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til efnastyrkur í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar. Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

6.2. Sjálfvirkur búnaður

Rekstraraðili skal láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema o.þ.h., árlega. Niðurstöður skulu skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar.

7. Innra eftirlit og skráningar

- 7.1.** Teikningar af fyrirkomulagi lóðar, samþykktum af byggingarfulltrúa, skulu vera til staðar á starfstöðinni. Skipulagið skal byggja á brunahönnun. Á teikningum skal sýna allar mengunar- og brunavarnir sem á lóðinni eru, slökkvibúnað, skýra svæðisskiptingu vinnu- og geymslusvæða og aðkomumöguleika, fastan vélbúnað og byggingar. Í texta skal geta hámark efnis á hverju svæði sem vera má á hverjum tíma og mestu hæð hauga.
- 7.2.** Tæknilegar upplýsingar um sand- og olúskiljur og lekaþró skulu vera aðgengilegar í gögnum fyrirtækisins.
- 7.3.** Halda skal skrá yfir olíugeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslugeyma til eigin nota sem og annarra geyma, s.s. úrgangsolíugeyma, þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: nafn framleiðanda, staðsetning, olíutegund, númer geymis, byggingarár, líftími sé hann uppgefinn, stærð og smíðastaðall. Að auki skal skrá tegund yfirfyllivarnar og tegund lekaviðvörunar ef við á.
- 7.4.** Rekstraraðili ber að hafa viðbragðsáætlun, sbr. gr. 3.3., aðgengilega vegna mögulegrar mengunaráhrifa í starfseminni.
- 7.5.** Rekstraraðili ber að hafa neyðaráætlun, sbr. gr. 3.5., um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri.
- 7.6.** Rekstraraðili skal viðhafa eigið eftirlit með starfseminni sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi:
- a) Upplýsingar um úrgang, þ.e. skrá skal upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti. Skrá skal tegund úrgangs, magn, uppruna, og ráðstöfun hverrar tegundar. Fyrir **1. maí** ár hvert skal skila til Umhverfisstofnunar skýrslu um þann úrgang sem var meðhöndlaður á undangengnu almanaksári. Afrit skal sent til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.
 - b) Halda skal skrá þar sem gerð er grein fyrir fjölda úr sér genginna ökutækja sem tekið var á móti. Skrá skal heildarþyngd þeirra, hreinsun og sundurhlutun. Tilgreina skal hvaða efni voru hreinsuð úr ökutækjum og hvernig úrgangi var ráðstafað. Fyrir **1. mars** ár hvert skal senda Heilbrigðiseftirlit Austurlands útfyllt eyðublað, sbr. II. viðauka reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja, með fyrrnefndum upplýsingum fyrir almanaksári þar á undan.
 - c) Atvik er varða móttöku efna. Skrá skal þau tilvik þar sem vart verður við spilliefni eða hluti sem innihalda spilliefni í förmum umfram það sem búast má við., t.d. úr bifreiðum. Meðal annars skal skrá hvers konar efni var um að ræða og til hvaða aðgerða var gripið til að koma efninu til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - d) Halda skal saman kvittunum fyrir spilliefnum sem starfstöðin skilar til viðurkenndrar spilliefnamóttöku, þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefna ásamt dagsetningu skilanna.
 - e) Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Halda skal saman dagbókafærslum um reglubundið eftirlit starfsmanna með skiljum, þ.e. dagsetning eftirlits og magn olíu og sands í skiljum.
 - f) Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á söfnunarþró frá skemmu. Halda skal saman dagbókafærslum um reglubundið eftirliti starfsmanna með þrónni, þ.e. skrá dagsetningu eftirlits og magns fráveituvatns í þrónni.
 - g) Vegna tæmingu á olúskiljum og söfnunarþró skulu kvittanir fyrir þjónustu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Á kvittunum skal koma fram dagsetning tæminga sem og upplýsingar um það magn sem var tekið.

- h) Upplýsingar um prófanir á sjálfvirkum búnaði, s.s. á viðvörunarbúnaði og skynjurum, eftir því sem við á.
- i) Rannsóknaniðurstöður af mælingum á olíu í fráveituvatni frá olíuskiljum
- j) Rannsóknarniðurstöður á efnastyrk í fráveituvatni í söfnunarþró frá skemmunni.
- k) Óhöpp og slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, sem og viðbrögð við þeim.
- l) Kvartanir m.t.t. umhverfismála

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

2. júní 2020
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands


Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

2. júní 2020

Hringrás hf.
Klettagörðum 9
104 Reykjavík

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Hringrás hf. að Hjallaleiru 12, 730 Reyðarfirði

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir móttöku brotamálms að Hjallaleiru 12 á Reyðarfirði barst 20.1.2020. Umsækjandi er Hringrás hf., kt. 510613-1390.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 4. maí sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 1. júní 2020.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamál fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

2. júní 2020

Hringrás hf.
Klettagörðum 9
104 Reykjavík

Varðar útgáfu starfsleyfis fyrir Hringrás hf., kt. 510613-1390

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur gefið út starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir Hringrás hf. að Hjallaleiru 12, 730 Reyðarfirði skv. umsókn dags. 20.1.2020 og er starfsleyfið hér meðfylgjandi.

Starfsleyfisgjald er 19.000 kr. samkvæmt gjaldskrá HAUST nr. 22/2020. Reikningur í samræmi við það verður sendur á næstunni.

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnslögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi